

Bæjarstjórn Blönduósbæjar
31. FUNDUR – 2. desember 2008

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 31. fundar þriðjudaginn 2. desember 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a. *Bæjarráð frá 19. nóvember 2008*
- b. *Bæjarráð frá 24. nóvember 2008*
- c. *Bæjarráð frá 27. nóvember 2008*
- d. *Nefndar um Staðardagskrá 21 frá 18. júní 2008*
- e. *Nefndar um Staðardagskrá 21 frá 29. september 2008*
- f. *Æskulýðs-og tómstundanefnar frá 11. nóvember 2008*
- g. *Stjórnar BS. um Tónlistarskóla A-Hún frá 11. nóvember 2008*

2. Fjárhagsáætlun 2009 – fyrirtæki og stofnanir – fyrri umræða

Afgreiðslur:

Forseti bæjarstjórnar bar upp að fá að taka upp liðinn önnur mál sem og að dagskrárliður 2 verði tekinn á undan dagskrárlið 1. Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2009 – fyrirtæki og stofnanir – fyrri umræða

Þorsteinn Þorsteinsson endurskoðandi Blönduóssbæjar og fjármálastjóri Blönduóssbæjar eru mætt undir þessum lið.

Þorsteinn Þorsteinsson gerir grein fyrir lykiltölum og forsendum í fjárhagsáætlun 2009.

Þorsteinn og fjármálastjóri yfirgefa fundinn. Forseti þakkar þeim fyrir komuna.

Forseti bæjarstjórnar dreifir drögum að Samstarfsáætlun bæjarstjórnar Blönduóssbæjar vegna viðbragða við efnahagsástandinu. Umræður urðu um samstarfsáætlunina og fjárhagsáætlunina.

Forseti ber upp samstarfsáætlunina. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Samstarfsáætlun bæjarstjórnar Blönduóssbæjar vegna viðbragða við efnahagsástandinu

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar er sammála um að bregðast sameiginlega við því alvarlega ástandi sem nú er uppi í efnahags-, atvinnu og fjármálum þjóðarinnar. Aukinn kostnaður og fjöldi vísbendinga um þrengingar í fjármálum sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila, kalla á skýr skilaboð um meginlínur og markmið í viðbrögðum Blönduóssbæjar. Þær áherslur sem hér eru kynntar munu endurspeglast í fjárhagsáætlunargerð stofnanna og fyrirtækja bæjarins.

Meginmarkmið Blönduóssbæjar við þær aðstæður sem nú eru uppi, er ábyrg fjármálastjórn, stöðugleiki í rekstri og trygging grunnþjónustu fyrir íbúa.

Samkomulag hefur náðst milli meirihluta og minnihluta bæjarstjórnar um þær megináherslur sem hér eru kynntar, enda telur bæjarstjórn nauðsynlegt að starfa náið saman við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Bæjarstjórn er sammála um eftirfarandi áherslur og verkefni:

- Grunnþjónusta við íbúa varin og gjaldskrárhækkunum haldið í lágmarki
- Dregið verður úr rekstrarkostnaði og nýráðningum í samvinnu yfirmenn stofnanna bæjararins.
- Stóraukins aðhalds verður gætt í innkaupum og stefnt að sparnaði í þeim á næstu mánuðum og árum.
- Forgangsröðun framkvæmda verður endurskoðuð en framkvæmdum eða verkefnum, sem geta beðið eða kalla á aukinn rekstrarkostnað, verður frestað eða dregið úr kostnaði vegna þeirra. Við ofangreint mat verður jafnframt tekið mið af áhrifum á atvinnustig.
- Bæjarstjórn er sammála um að hægja á framkvæmdum við sundlaugarbyggingu þannig að framkvæmdum ljúki á árinu 2010. Framkvæmdum verður áfangaskipt en áhersla lögð á að ljúka innréttingum og frágangi húsa og lóða.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa fjarhagsáætlun 2009 til síðari umræðu á fundi í janúar 2009. Fjárhagsáætlunin verður endurskoðuð í apríl 2009.

Blönduósi 2. desember 2008

1. Fundargerðir:

a. Bæjarráð frá 19. nóvember 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. Bæjarráð frá 24. nóvember 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c. Bæjarráð frá 27. nóvember 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d. Nefndar um Staðardagskrá 21 frá 18. júní 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

e. Nefndar um Staðardagskrá 21 frá 29. september 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

f. Æskulýðs-og tómstundanefnar frá 11. nóvember 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

g. Stjórnar BS. um Tónlistarskóla A-Hún frá 11. nóvember 2008

Lögð fram til kynningar.

3. **Önnur mál**

E-listinn tilkynnir breytingu á fræðslunefnd. Jóna Fanney Friðriksdóttir kemur í stað Zophonías Ara Lárussonar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

*Valgarður Hilmarsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign)